

UPPLÝSINGAÓREIÐA & SKAUTUN Í ÍSLENSKU SAMFÉLAGI 2023

Niðurstöður spurningakönnunar
Maskínu fyrir Fjölmiðlanefnd



FJÖLMIÐLANEFND
ICELANDIC MEDIA COMMISSION

Upplýsingaóreiða & skautun í íslensku samfélagi

Niðurstöður spurningakönnunar Maskínu fyrir Fjölmiðlanefnd

Hatursorðræða, skautun, upplýsingaóreiða og traust

Febrúar 2023

Fjölmiðlanefnd

Maskína

Umsjón: Skúli B. Geirdal

Inngangsorð

Við stöndum á ákveðnum krossgötum. Sem þjóð erum við nýkomin út úr heimsfaraldri kórónuveirunnar. Þegar við vorum rétt farin að sjá fyrir endann á veirufaraldrinum réðust Rússar inn í Úkraínu. Síðustu ár hafa því einkenst af ákveðinni óvissu og ókyrrð í samfélaginu. Þegar óvissa ríkir reynir almenningur að leita sér upplýsinga sem hægt er að treysta. En á óvissutímum opnast jafnframt möguleiki fyrir ýmsa aðila á að fylla upp í tómarúmið með falsupplýsingum og upplýsingaóreiðu.

Stjórnvöld á Norðurlöndunum hafa miklar áhyggjur af þróun lýðræðis og opinnar samfélagslegrar umræðu. Ýmislegt bendir til þess að haturstjáning hafi aukist í samfélaginu sem getur haft þær afleiðingar að ákveðnir hópar hætti að tjá sig og taki þannig ekki virkan þátt í samfélagslegri umræðu. Lýðræðinu stafar ógn af því ef ákveðnar raddir fá ekki að heyrast. Upplýsingaóreiða sem fór sem faraldur yfir heimsbyggðina á tímum COVID-19, og aftur eftir innrás Rússa í Úkraínu, hefur truflandi áhrif á þjóðfélagssumræðuna þar sem hluti fólks getur átt erfitt með að átta sig á því hvað sé satt og rétt og hvar sé best að leita áreiðanlegra upplýsinga. Algóritmar samfélagsmiðlanna virðast þess utan auka skautun í samfélaginu þar sem þeir magna tjáningu sem er hvor á sínum pólum í umræðunni. Almenningur sér því oft ekki hófstillta, uppbyggilega samfélagssumræðu, heldur aðeins tjáningu úti á jaðrinum. Þetta getur leitt til þess að traust í samfélaginu minnki, skautun aukist og upplýsingaóreiða, sem hefur það fyrst og fremst að markmiði að grafa undan trausti, hreiðri um sig í samfélaginu. Minnkað traust, haturstjáning og aukin skautun getur síðan grafið undan samstöðu í samfélaginu.

Það kemur því e.t.v. ekki á óvart að Norðurlandþjóðirnar hafi tekið höndum saman við að reyna að byggja upp hin stafrænu lýðræðislegu velferðarsamfélög Norðurlandanna, enda getur ekkert eitt Evrópuríki mótað stafræna stefnu í alþjóðlegu umhverfi, en sameinuð geta Norðurlöndin haft rödd. Norðurlandabúar hafa gott aðgengi að traustum og áreiðanlegum upplýsingum og vilja geta tekið þátt í opinberum umræðum sem byggja á opnum, lýðræðislegum grunni. Til að vinna gegn því að ólíkar tæknilausnir sem og algóritmar geti grafið undan trausti og lýðræði hefur Norræna ráðherranefndin fjármagnað norræna „hugveitu“ (e. think tank), sérfræðingahóp sem er ætlað að koma með hnitmiðaðar tillögur um stefnu og úrbætur. Er þessi hugveita nú að störfum undir forystu danska menningarmálaráðuneytisins og þar sitja sérfræðingar frá öllum Norðurlöndunum fimm, ásamt Álands-eyjum, Færeyjum og Grænlandi. Tillögur hugveitunnar verða gerðar opinberar á vordögum.

En hvernig er staðan á Íslandi? Á Norðurlöndunum hafa verið gerðar markvissar rannsóknir um árabíl til að kanna traust almennings til stofnana, fjölmiðla og manna á meðal í samfélaginu. Einnig hafa verið gerðar rannsóknir til að kanna umfang haturstjáningar og hvort tilteknir hópar í samfélaginu forðist þátttöku í lýðræðislegri umræðu vegna haturstjáningar í þeirra garð eða vegna ógnana á netinu.

Þá hefur einnig verið kannað hvort upplýsingaóreiða og samsæriskenningar fái hljómgrunn í samfélaginu og hvers konar frásagnir (e. narrative) er um að ræða. Rannsóknir sýna að samsæriskenningar eru smitandi. Þeir sem trúa einni samsæriskenningu eru líklegir til að aðhyllast aðrar slíkar.

Fjölmiðlanefnd hefur því að norrænni fyrirmynd reynt að kortleggja traust, skautun, viðhorf til ákveðinna hópa, haturstjáningu og upplýsingaóreiðu í nýjustu könnun sinni sem verður birt í nokkrum hlutum. Spurningarnar eru að stærstum hluta þýddar og staðfærðar úr rannsóknum sænska SOM-institutet sem tilheyrir Gautaborgarháskóla og úr spurningakönnunum norsku fjölmiðlastofnunarinnar, Medietilsynet. Þannig verður hægt að setja niðurstöður könnunar Fjölmiðlanefndar í norrænt samhengi til að kanna hvernig staðan er á Íslandi í samanburði við hin Norðurlöndin.

Niðurstöðurnar geta nýst stjórnvöldum í stefnumótun og til að tryggja öflugt stafrænt lýðræðissamfélag. Þær geta einnig nýst ólíkum stofnunum til að átta sig á því stafræna landslagi sem við búum við. Þá er mikilvægt að vinna að fræðsluefni til að styðja við og efla almenning sem notendur samfélagsmiðla og á netinu. Samanburður við Norðurlöndin er síðan mikilvægur til að vita hvernig staðan er á Íslandi í þessum efnum og til vinna áfram að því að treysta opna þjóðfélagsumræðu og lýðræði. Þá er jafnframt mikilvægt fyrir stjórnvöld að hafa íslensk gögn og rannsóknir sem samanburðarhæf eru við Norðurlöndin þegar tillögur norrænu hugveitunnar verða birtar á vordögum.



Elfa Ýr Gylfadóttir

Framkvæmdastjóri
Fjölmiðlanefndar

Helstu niðurstöður - fyrri hluti

31,5%

hefur upplifað
hatursfull ummæli

31,5% höfðu tekið eftir eða upplifað af eigin raun hatursfull ummæli á netinu á síðustu 12 mánuðum í samanburði við 7% í Noregi. Í síðustu könnun frá árinu 2021 svöruðu 24,1% þessari spurningu játandi.

Ögranir

og háð höfðu áhrif á tæplega
helling þátttakenda

Ögranir og/eða háð hafði neikvæð áhrif á þátttöku tæplega helling þátttakenda (43%). Það veldur áhyggjum að svo hátt hlutfall fólks í samfélaginu upplifi óryggi í umræðum á netinu og haldi sig að einhverju leyti til hlés.

Þriðjungur

Djúpríkið er meinsemd í
Íslensku stjórnkerfi

Um þriðjungur aðspurðra telur að leynileg samtök á Íslandi hafi oft mikil áhrif á pólitískar ákvarðanir og að djúpríkið sé meinsemd sem hafi grafið um sig í íslensku stjórnkerfi.

Fjórðungur

Verið er að grafa undan kristnum
gildum með straumi flóttafólks

Tæplega fjórðungur aðspurðra telur að verið sé að grafa undan norrænum og kristnum gildum með því að beina hingað vísitandi straumi flóttamanna frá Miðausturlöndum.

93%

Sóttvarnaraðgerðir byggðu á
bestu mögulegu rannsóknum

Mikill meirihluti þátttakenda telur að stjórnvöld á Íslandi hafi byggt sóttvarnaraðgerðir sínar á bestu mögulegu rannsóknum sem fyrir hendi voru á hverjum tíma.

88,4%

Telja loftslagsbreytingar tilkomnar
af mannavöldum

Mikill meirihluti (88,4%) telur að loftslagsbreytingar séu tilkomnar af mannavöldum.

Helstu niðurstöður - seinni hluti

Andstæðingar bólusetninga & rússnesk upplýsingaóreiða

Rannsóknir benda til þess að andstæðingar bólusetninga gegn COVID-19 séu opnari fyrir rússneskri upplýsingaóreiðu um innrásina í Úkraínu. Niðurstöðurnar sýna að hópurinn sem telur að NATO-þjóðir beri ábyrgð á innrásinni í Úkraínu með því að ögra Rússum er svipaður að stærð og hópurinn sem er lítið eða alls ekki sammála því að stjórnvöld á Íslandi hafi byggt sóttvarnaraðgerðir á bestu mögulegu rannsóknunum.

Margt mikilvægt gerist í heiminum sem almenningur fær ekki að víta um

Staðhæfingin að margt mikilvægt sé að gerast í heiminum sem almenningur fái ekki vitneskju um er sú staðhæfing sem flestir svara játandi, bæði á Íslandi og í Svíþjóð.

Skoðanir

Fólki mislíkar hópar í samfélaginu
helst á grundvelli skoðana þeirra

Þátttakendum mislíkar hópar sem eru á öndverðri skoðun en þeir sjálfir. Þeir hópar sem þátttakendum mislíkar mest eru andstæðingar bólusetninga (58,2%), andstæðingar þungunarrofs (56,3%) og loftslagsafneitunarsinnar (52,3%).

Ýktari

Svörun á Íslandi en í Svíþjóð
varðandi skoðanir á mismunandi
hópum í samfélaginu

Á Íslandi svöruðu mun fleiri þátttakendur að þeim mislíkaði ákveðnir hópar í samfélaginu en í Svíþjóð. Í Svíþjóð líkaði þátttakendum verst við Svíþjóðar-demókrata (22,8%) en hinir þrír hóparnir sem voru efstir á Íslandi komu næst á eftir í sænsku niðurstöðunum; andstæðingar bólusetninga (17,4%), andstæðingar þungunarrofs (16,8%) og lofslagsafneitunarsinnar (7,6%).

Rannsóknin í norrænu samhengi

Traust mælist almennt mjög hátt á Norðurlöndunum í alþjóðlegum samanburði. Raunar er traust manna á meðal og til ýmissa stofnana samfélagsins talið vera svo mikið á Norðurlöndunum að talað hefur verið um „hið norræna gull“ sem hægt er að meta til fjár, þar sem það er sú auðlind sem skapað hefur mest verðmæti í samfélögum Norðurlandanna. Rannsóknir hafa sýnt að traust hefur áhrif á þjóðarhag, glæpatiðni, og hamingju fólks. Þá bætir það samkeppnisstöðu Norðurlanda á stafrænni öld. Eftir efnahagshrunið 2008 minnkaði þó traustið á Íslandi. En eftir sem áður er traust almennt mikið á Íslandi í alþjóðlegum samanburði.

Upplýsingaóreiða og dreifing hinna ýmsu samsæriskenninga hefur m.a. þann tilgang að grafa undan trausti á stjórnámálum, fjölmiðlum og stofnunum samfélagsins. Þannig getur upplýsingaóreiða haft neikvæð áhrif á upplýsta umræðu. Þá hafa rannsóknir sýnt að samband er á milli upplýsingaóreiðu og trausts í samfélögum. Þau sem bera lítið traust til stofnana samfélagsins eru líklegri til að láta glepjust af upplýsingaóreiðu. Á Norðurlöndunum, þar sem traust er almennt mikið, getur upplýsingaóreiða verið sérstaklega skaðleg því hún grefur hraðar undan trausti en í ríkjum þar sem traust er lítið fyrir. Það er til mikils að vinna fyrir hin norrænu velferðarsamfélög að halda í hið norræna gull.

Á síðustu árum hafa hinar ýmsu samsæriskenningar orðið vaxandi vandamál á alþjóðavettvangi. Rannsóknir benda til þess að meirihluti fólks trúir á að minnsta kosti eina samsæriskenningu og að sumir hópar séu móttækilegri fyrir samsæriskenningum en aðrir. Það eru ekki ýkja margar rannsóknir sem gerðar hafa verið á bæði tegund og umfangi samsæriskenninga og lengst af þóttu slíkar rannsóknir e.t.v. ekki nauðsynlegar þegar verið var að kanna viðhorf almennings. Á síðustu árum hefur þótt mikilvægara en áður að kortleggja upplýsingaóreiðu og tilvist slíkra kenninga. Áhugann má m.a. rekja til Brexit í Bretlandi en þá fóru samsæriskenningar sem tengjast QAnon (bandarísk fjöldahreyfing sem trúir samsæriskenningum um að heiminum sé stýrt af barnaniðingum úr röðum Demókrata, djúpríkinu og elítunni í Hollywood) að koma upp á yfirborðið, auk hinna margvíslegu samsæriskenninga um bólusetningar í tengslum við COVID-19. Jafnframt þykir mikilvægt að kanna hvaða hópar það eru sem helst eru móttækilegir fyrir slíkum kenningum og hvernig trú á slíkar kenningar tengjast trausti, fjölmiðlanotkun og ýmsum lýðfræðilegum breytum, eins og kyni, menntun og aldri.

Mikilvægt er að hafa í huga að talsverður munur er á samsæriskenningum og heilbrigðum efa sem byggir á gagnrýnni hugsun, þar sem reynt er að leggja mat á sannleiksgildi upplýsinga. Þannig hefur m.a. komið í ljós að stórfyrirtæki, t.d. í sykur- tóbaks- og lyfjaiðnaði, hafa látið hjá líða að birta vísindalegar niðurstöður sem geta skaðað hagsmuni þeirra. Þá hafa fjölmiðlar upplýst að ákveðin olíu- og gasfyrirtæki hafi verið staðin að kerfisbundinni upplýsingaóreiðu í tengslum við lofslagsbreytingar. Til einföldunar má segja að samsæriskenningar gangi oft og tíðum út á það að valdamiklir einstaklingar eða hópar séu að vinna saman að því að grafa undan almannahagsmunum. Samsæriskenningar skipta heiminum iðulega í gott og illt og þau sem trúá slíkum kenningum telja að hlutir gerist sjaldnast af tilviljun. Einnig telja þau að orsakasamhengi sé að finna á milli alls

óskyldra hluta. Oftar en ekki eru ákveðnir hópar eða einstaklingar sökudólgarnir að mati þeirra sem trúá slíkum kenningum.

Með tilkomu samfélagsmiðla hefur athyglin einnig farið að beinast að algóritmum og magnsöfnun persónu-upplýsinga. Þannig birtast notendum klæðskerasaumaðar upplýsingar á samfélagsmiðlum sem byggja m.a. á áhugasviði og staðsetningu viðkomandi. Raunar er það svo að samfélagsmiðlar flokka notendur eftir 52.000 persónuleikaeinkennum með það að markmiði að sníða efnið sem best að hverjum og einum.

Þá benda rannsóknir jafnframt til þess að notendur sjái í miklum mæli skoðanir og upplýsingar sem er að finna í þeirra eigin bergmálshellum, sem og skoðanir og upplýsingar sem teljast vera á andstæðum póli við þeirra eigin skoðanir. Þar sem viðskiptalíkan samfélagsmiðla gengur út á að virkja notendur með því að fá þá til að skrifa, deila og búa til færslur, fær efni sem vekur sterkar tilfinningar sérstaklega mikla dreifingu á samfélagsmiðlum. Notendum eru því oftar en ekki færðar skoðanir tveggja póla í stað upplýsinga sem eru hlutlægar, staðreyndar og liggja til grundvallar málefnalegri lýðræðislegri umræðu. Þetta er ástæða þess að stjórnvöld á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu hafa vakið athygli á því að algóritmar samfélagsmiðla geta í raun og veru grafið undan lýðræðinu með því að auka skautun í samfélaginu í stað þess að vera vettvangur upplýstrar umræðu.

En algóritmar eru mannanna verk og hægt er að búa til algóritma sem hafa það að markmiði að finna það sem sameinar, með sama hætti og algóritmar getað sundrað og aukið skautun. Þannig hefur verið bent á að í kjölfar efnahagshrunsins hafi m.a. verið settir upp innbyggðir varnaglar til að koma í veg fyrir að algóritmar í fjármála-geiranum geti orsakað kerfishrun. Álíka varnögglum hafi þó ekki verið til að dreifa hingað til varðandi algóritma sem stýra opinberri umræðu á samfélagsmiðlum til að koma í veg fyrir kerfishrun á því sviði.

Í þessari skýrslu er leitast við að kanna umfang haturs, eineltis, ögrana og hótana og hvaða áhrif þess háttar tjáning hefur á þátttöku almennings í lýðræðislegri umræðu. Jafnframt að kanna hvernig almenningur bregst við slíkum ummælum og áreitni á netinu. Þá er leitast við að setja niðurstöðurnar í norrænt samhengi til samanburðar.

Í skýrslunni er einnig að finna tilteknar fullyrðingar sem margar hverjar tengjast þekktum samsæriskenningum af einhverju tagi. Helmingur fullyrðinganna er þýdd úr sambærilegri sænskri könnun. Hinn helmingurinn tengist þekktum samsæriskenningum sem rannsakaðar hafa verið í helstu nágrannaríkjum okkar. Með þessum hætti er hægt að fá ákveðinn samanburð við önnur ríki.


Í könnuninni er spurt hvort fólki mislíki tilteknir hópar í samfélaginu. Spurningarnar eru þær sömu og í sambærilegri sænskri könnun og hafa verið þýddar og staðfærðar fyrir Ísland. Niðurstöðunum hér á landi svipar mjög til þeirra sænsku nema þar eru kjósendur pólitíks flokks efstir í flokki þeirra hópa sem fólki mislíkar mest. Þrjár efstu hóparnir í íslensku niðurstöðunum koma þar strax á eftir. Þá vekur jafnframt athygli að mun færri svara því til í Svíþjóð að þeim mislíki tilteknir hópar.

Hatur, einelti, ögranir og hótanir

Skýrslan er fyrsti hluti rannsóknar Maskínu fyrir Fjölmiðlanefnd sem lögð var fyrir í nóvember 2022 og nefnist „Hatursorðræða, skautun, upplýsingaóreiða og traust“. Hluti af spurningunum í rannsókninni eru endurtekningar úr fyrri rannsókn sem Maskína framkvæmdi fyrir Fjölmiðlanefnd í febrúar og mars 2021 og nefnist „Miðlalæsi á Íslandi“. Var það gert til þess að fá íslenskan samanburð á gögnum og voru spurningarnar valdar með það í huga að þær styddu við áhersluatriði þessarar rannsóknar sem eru: hatursorðræða, skautun, upplýsingaóreiða og traust. Niðurstöður þessara endurteknu rannsókna veita mikilvæga innsýn inn í hvernig margvísleg mál eru að þróast á Íslandi. Spurningarnar byggja upphaflega á rannsókn sem unnin var af norsku fjölmiðlastofnuninni Medietilsynet, í samstarfi við ráðgjafa- og könnunarfyritækið Kantar. Í þessum hluta könnunarinnar er því til samanburður frá Noregi. Þessar spurningar eru merktar sérstaklega í skýrslunni.

Í meginatriðum byggist rannsóknin á spurningum sem voru þýddar og staðfærðar úr rannsóknum sænska SOM-institutet við Gautaborgarháskóla. Þannig er unnt að bera gögnin saman við rannsóknir í Svíþjóð en ekki eru til íslensk gögn frá fyrri árum. Engu að síður veita þessar spurningar mikilvæga innsýn í stöðuna í samfélaginu eins og hún lítur út í dag. Þær geta skapað grunn sem hægt er að byggja á með því að endurtaka rannsóknina á næstu árum til að fá samanburð.

Hverju af eftirtöldu hefur þú tekið eftir/upplifað af eigin raun á netinu á síðustu 12 mánuðum? Endurtekin spurning frá 2021



Fleiri upplifa hatursfull ummæli, einelti og hótanir

Það vakti athygli í síðustu rannsókn Fjölmíðlanefndar árið 2021 hversu mikill munur var á niðurstöðum könnunar á Íslandi og í Noregi varðandi upplifun fólks á hatursfullum ummælum, einelti, ögrunum og hótunum um ofbeldi á netinu. Á myndinni eru bláu súlurnar íslenskar tölur og þær rauðu eru norskar tölur. Þegar niðurstöðurnar úr þessari rannsókn (ljósbláu súlurnar) eru bornar saman við eldri tölur kemur í ljós aukning í þremur af fjórum liðum. Hærra hlutfall hefur nú upplifað hatursfull ummæli, einelti eða áreiti og hótanir um ofbeldi. Hinsvegar lækkar hlutfall þeirra sem hafa upplifað það að einhver hafi hæðst að þeim eða ögrað í umræðum á netinu/athugasemda-kerfum. Erfitt er að segja til um hvort meira sé um hatursfull ummæli, einelti og hótanir á netinu á Íslandi en í Noregi þar sem hugtakaskilningur gæti verið mismunandi milli ríkja eins og t.d. skilgreiningin á því hvað flokkist sem „hatursfull“ á netinu. Þá gæti einnig spilað inn í smæð þjóðarinnar og náin tengsl og skyldleiki einstaklinga sem leyfa sér því meira í umræðum en í fjölmennari ríkjum. Spurningin dregur þó upp mynd af upplifun fólks á netinu hér á landi og bendir hún til þess að upplifunin sé töluvert neikvæðari en í Noregi.


Hverju af eftirtöldu hefur þú tekið eftir/upplifað af eigin raun á netinu á síðustu 12 mánuðum? Bakgrunnsbreytur: kyn og aldur

		Hatursfull ummæli	Einelti eða ögrun	Að einhver hafi hæðst að mér eða ögrað mér í umræðum/athugasemda-kerfum	Hótanir um ofbeldi	Ekkert af þessu
Karl	(652)	34.1%	16.9%	6.4%	13.2%	61.1%
Kona	(615)	28.7%	16.8%	6.8%	13.4%	67.1%
18-29 ára	(341)	41.2%	21.3%	8.4%	21.5%	54.9%
30-39 ára	(271)	42.2%	20.6%	7.9%	19.7%	52.9%
40-49 ára	(221)	27.8%	19.8%	7.3%	8.9%	66.6%
50-59 ára	(187)	27.4%	13.9%	7.1%	6.5%	68.3%
60-69 ára	(155)	17.6%	11.0%	4.1%	7.6%	78.2%
70 ára og eldri	(92)	17.6%	4.9%		6.4%	78.8%

Yngri þátttakendur líklegri til að upplifa hatursfull ummæli, einelti og hótanir en eldri

Fylgni er milli aldurs þátttakenda og upplifunar af hatursfullum ummælum, einelti og hótunum um ofbeldi á netinu. Yngri þátttakendur eru þannig líklegri til þess að hafa upplifað slík ummæli á netinu á síðustu 12 mánuðum en þeir sem eldri eru. Fylgni var einnig í niðurstöðunum frá árinu 2021 en heilt yfir er hlutfallið hærra nú í öllum aldurshópum. Karlar eru heldur líklegri en konur til þess að hafa upplifað hatursfull ummæli. Annars er lítill munur milli kynja í öðrum liðum. Árið 2021 var einnig heldur hærra hlutfall karla en kvenna sem hafði upplifað hatursfull ummæli, háðung eða ögranir og hótanir um ofbeldi á netinu.


Hefur þú á síðustu 12 mánuðum gert eitthvað af eftirfarandi til að bregðast við hatursfullum ummælum, einelti eða áreiti á netinu?



Flestir bregðast við hatursfullum ummælum, einelti eða áreiti á netinu með því að blokka einstaklinga

Langflestir gerðu ekkert til að bregðast við hatursfullum ummælum, einelti eða áreiti á netinu. Allir þátttakendur fengu þessa spurningu og þar með líka þeir sem ekki höfðu upplifað neitt slíkt á netinu og því eðlilegt að stærstur hluti hafi ekki gert neitt til að bregðast við. Flestir þeirra sem brugðust við með einhverjum hætti gerðu það með því að blokka einstaklinga (20,9%). Þá brugðust einhverjir við með þeim hætti að eyða miðlum eða smáforritum (7,7%) eða með því að vara aðra við (5,3%). Í fæstum tilfellum voru viðbrögðin þau að hafa beint samband við þann sem bar ábyrgð á ummælunum, eineltinu eða hótununum eða með því að kæra viðkomandi til yfirvalda.

Hefur ögrun/háð haft áhrif á þátttöku þína í umræðum á netinu?



Ögn við lýðræði að hópur fólks dragi sig úr umræðunni vegna ögrana og/eða háðs

Ögranir og/eða háð hafði neikvæð áhrif á þátttöku tæplega helmingss þátttakenda (43%) í rannsókninni. Alls sögðust 15% hafa brugðist við með þeim hætti að vera varkárari í að lýsa skoðunum sínum á netinu, 8% leituðu frekar í umræður í lokuðum hópum og 15% hættu að taka þátt í umræðum á netinu. Það veldur áhyggjum að svo hátt hlutfall fólks í samfélaginu upplifi óöryggi í umræðum á netinu og dragi sig að einhverjum hluta til hlés. Með því skapast hættan á því að samtalið á netinu endurspegli ekki samfélagið sem heild því hluti fólks treystir sér ekki til þess að taka þátt. Hættan er að þessi hópur upplifi sig sem raddlausan og bældan og þar með ekki með sama tilverurétt á netinu og annað fólk. Það hefur áhrif á samfélagssáttmálann og lýðræðislega umræðu.


Hefur ögrun/háð haft áhrif á þátttöku þína í umræðum á netinu?

Bakgrunnsbreytur: Menntun, tekjur og stjórnmálaskoðanir

		Ég er varkárari/á þegar ég lýsi skoðun minni í umræðu á netinu	Ég tek frekar þátt í umræðum í lokuðum hópum	Ég er hætt(ur) að taka þátt í umræðum á netinu	Ég ræði frekar við fólk sem er sammála mér	Ég tek meiri þátt í umræðum á netinu en áður	Ég hef orðið fyrir annars konar áhrifum en þeim sem eru talin upp hér fyrir ofan	Þetta hefur ekki haft áhrif á mig
Heild	(953)	15.4%	8.2%	15.1%	1.7%	0.4%	2.3%	57.0%
Menntun								
Grunnskólapróf	(197)	13.3%	8.5%	10.7%	1.7%		2.5%	63.3%
Framhaldsskólapróf/lón..	(370)	16.2%	8.7%	14.7%	1.3%	0.6%	2.5%	56.1%
Háskólapróf-grunnám	(175)	12.0%	10.5%	15.6%	2.7%		2.4%	56.8%
Háskólapróf-framhaldsn..	(194)	18.6%	5.5%	18.4%	1.4%	0.7%	1.6%	53.7%
Tekjur								
Lægri en 400 þúsund	(103)	17.4%	15.6%	11.5%	0.9%		1.9%	52.6%
400 til 549 þúsund	(75)	11.0%	10.7%	8.8%	1.2%		3.0%	65.3%
550 til 799 þúsund	(138)	16.0%	9.3%	13.4%	1.4%	0.9%		59.1%
800 til 999 þúsund	(131)	18.0%	4.0%	16.4%	4.2%		3.7%	53.7%
Milljón til 1.199 þúsund	(103)	17.4%	5.7%	17.0%	4.3%			55.6%
1.200 þúsund eða hærrí	(275)	16.0%	6.9%	14.5%	0.7%	0.6%	3.1%	58.2%
Hvaða flokk myndir þú kjósa ef kosið yrði til Alþingis í dag?								
Flokk fólksins	(29)	8.7%	7.0%	16.6%	4.0%			63.6%
Framsóknarflokkinn	(106)	16.3%	8.0%	12.4%	2.5%		0.9%	60.0%
Miðflokkinn	(36)	27.5%	4.2%	31.3%				37.0%
Pírata	(93)	22.1%	6.5%	8.6%	6.0%		4.7%	52.1%
Samfylkinguna	(137)	14.7%	13.3%	15.1%	0.6%		0.3%	55.9%
Sjálfstæðisflokkinn	(159)	8.7%	5.6%	17.9%	1.4%	1.8%	3.0%	61.6%
Sózialistaflokkinn	(30)	27.5%	23.4%	2.2%	5.6%			41.3%
Viðreisn	(54)	16.6%	18.5%	18.7%	1.5%		8.2%	38.6%
Vinstihreyfinguna - græ..	(47)	27.6%	10.1%	11.6%			1.2%	49.5%

Upplýsingaóreiða

Í hversu miklum mæli ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingum?




Fullyrðingarnar sem spurt var um byggja að hluta á sambærilegum spurningum sænskrar rannsóknar. Þær spurningar sem eru þýddar og staðfærðar úr sænsku rannsókninni varða það hvort algengt sé að vísindamenn birti aðeins niðurstöður sem styðji þeirra eigin skoðanir. Einnig var spurt hvort margt mikilvægt væri að gerast í heiminum sem almenningur fengi aldrei að vita um. Jafnframt hvort upplýsingum frá stjórnvöldum væri oft hagað þannig að sannleikurinn fengi ekki að líta dagsins ljós og hvort leynileg samtök hafi oft mikil áhrif á pólitískar ákvarðanir. Spurning sem laut að því hvort atburðir sem virka óskyldir orsakist oft af leynilegum athöfnum var einnig fengin úr sænsku rannsókninni.

Sú fullyrðing sem flestir tóku undir, bæði á Íslandi og í Svíþjóð, laut að því að margt væri að gerast í heiminum sem almenningur fengi aldrei að vita um.

Þessar og aðrar fullyrðingar byggja m.a. á helstu samsæriskenningum sem rannsakaðar hafa verið í löndunum í kringum okkar á síðustu misserum.

Hópar í samfélaginu

Hér fylgir listi með ólíkum hópum í samfélaginu sem fólk getur haft mismunandi skoðanir á. Er einhver hópur sem þér mislíkar mjög?



Spurt var hvort fólk mislíkaði mjög við tiltekna hópa í samfélaginu. Þeim sem svörðu því játandi gafst kostur á að merkja við ólíka hópa. Þær breytingar voru gerðar við íslenska staðfærslu sænsku rannsóknarinnar að sænskum stjórnmalaflokkum var skipt út fyrir íslenska stjórnmalaflokka. Þá var ekki spurt um Sama í íslensku könnuninni en þess í stað spurt um Pólverja, þar sem þeir eru langfjölmennasti hópur innflytjenda hér á landi. Loks var í íslensku könnuninni einnig spurt um talsmenn útgerðarinnar/sjávarútvegsfyrirtækja og um bláða- og fréttamenn vegna fréttaflytnings síðustu missera. Reynt var að hafa könnunina eins samanburðahæfa við niðurstöður sænsku rannsóknarinnar og hægt var en þó þannig að hún endurspegladi íslenskan veruleika.

Athygli vekur að þeir hópar í samfélaginu sem fólk mislíkar mjög virðast einkennast af tilteknum skoðunum. Þetta er í fullu samræmi við niðurstöður sænsku könnunarinnar. Mun fleirum líkar illa við vopnasafnara hér á landi en í Svíþjóð. Hugsanlega má rekja þennan mismun milli landa til fréttaflytnings í fjölmiðlum síðustu mánuði af söfnun og meðferð skotvopna hér á landi.

Bláu súlurnar eru niðurstöður íslensku rannsóknarinnar. Til samanburðar eru appelsínugul strik í bláu súlunum en þau sýna hvernig Svíar svörðu sömu spurningum.

Framkvæmd

Könnunin var lögð fyrir Þjóðgátt Maskínu, sem er þjóðhópur fólks (e. panel) sem dreginn er með tilviljun úr Þjóðskrá. Könnunin fór fram á netinu. **Svarendur eru af öllu landinu og á aldrinum 18 ára og eldri.** Við úrvinnslu voru gögnin vegin til samræmis við tölur Hagstofunnar þannig að hópurinn sem svarar endurspeglar þjóðina út frá kyni, aldri og búsetu. Við vigtun gagna getur birst örlítið misræmi í fjöldatölum og hlutföllum sem orsakast af námundun.

Gagnaöflun fór fram dagana **4. – 11. nóvember 2022** og voru svarendur **983** talsins.